



FUNDARGERÐ

Yfirskrift / efni: 6. fundur stjórnar KLÍ, 2011-2012

Staðsetning: Skrifstofu KLÍ

Hvenær: Fimmtudagur 01.09.2011 kl. 17:30

Þátttakendur: Þórir Ingvarsson (PI) formaður
Þórarinn Már Þorbjörnsson (ÞMÞ) varaformaður
Linda Hrönn Magnúsdóttir (LHM) fundarritari
Ingi Geir Sveinsson (IGS) varamaður
Guðmundur Sigurðsson (GS) ritari
Ólafur Páll Vignisson (ÓPV) gjaldkeri
Höskuldur Höskuldsson (HH) varamaður

Boðuð forföll: Guðmundur J. Kristófersson (GJK) varamaður

Fjarverandi:

Fundarritari: LHM

Helstu mál: Fundargerð s.f., fjölgun í deildum, nefndir og nefndarstörf og önnur mál.

Dagskrá fundarins:

1. Fundargerð síðasta fundar:

Samþykkt.

2. Fjölgun í deildum:

Fengum símtal frá keiludeild Akureyrar þar sem óskað er eftir að fá að spila í deildinni í vetur. Eru skv. símtali frá Akureyri deild hjá Knattspyrnufélagi Þór, eftir að fá formlegt samþykki. Allir samþykkir bæði vegna þess að annað lið var búið að fá samþykki og ekki síður það að þá er ekki yfirseta hjá 2. deild. Reynt verður að raða þeirra leikjum þannig þeir spili 2-3 leiki í hverri ferð og leikið verður um helgi og 1 heimaleik per lið á þessu keppnisári.

3. Nefndir og nefndarstörf:

Landsliðsnefnd:

Sigurður Ingason búið að segja af sér vegna anna. ÞMÞ kemur inn fyrir ÍR og hættir í unglínganefnd. Búið að vera fundur einu sinni. Nefndin þarf að ákveða annan formann í stað Sigurðar. Biðja starfsmann KLÍ (Theódóra) að hafa samband við Jónas Gunnarsson vegna auglýsingar utandeildar, breyta auglýsingunni og koma henni af stað. Spurning um að lengja skráningarfrestinn, byrja fyrstu umferð í kringum miðjan október.

Ekki komið staðfest svar frá öllum vegna Norðurlandamóts unglíngna.

Unglínganefnd:

ÞMÞ hættur í unglínganefnd og byrjaður í landsliðsnefnd, ekki búið að fá annan fyrir hann í unglínganefndina. Öll dagskrá klár fyrir unglíngana.

Tækninefnd:

Einar Már frá ÍR er hættur vegna persónulegra aðstæðna. Óvíst með hver kemur í hans stað. Engar tillögur um olíuburð komnar til stjórnar um olíuburð fyrir veturinn. Er í vinnslu hjá nefndinni. Ekki hægt að velja hvaða olíuburð sem er útaf olíuvélunum. Einungis hægt að krefja Akranes og Akureyri um það að lengd og olíumagn sé sama en ekki hvað olíuburðurinn heitir. Búið að gera við olíuvélina fyrir norðan.

Ekkert klárt með kúlureglurnar, lítið komið frá félögunum einhverjar athugasemdir frá tækninefnd, ÍA og KR. Tækninefnd mun funda um helgina.

Upplýsinganefnd:

Ætla að hittast fljótlega, eru að velta fyrir sér hvað nefndina á að gera. Þí benti á að hún gæti t.d. fylgst með kli.is síðunni og látið vita ef sjást villur. Gott að fá hugmyndir frá nefndinni sjálfri um starfslýsingu þar sem sú gamla er úrelt.

ATH hvort Hörður er tilbúin í að halda áfram að hafa samband við fjölmiðla.

Mótanefnd:

Búið að breyta dögnum í úrslitakeppninni, verður sunnudagur-mánudagur og þriðjudagur. Einnig búið að breyta að ekki er vika á milli umferða í úrslitakeppninni.

4. Önnur mál:

LHM spyr hvernig kærán frá ÍR hafi verið afgreidd frá ÍSÍ. Fyrri kærán var felld niður þar sem kærán barst ekki fyrir ákveðin tímamörk, þeim úrskurði var áfrýjað og hann einnig felldur.

ÞMP skoðaði fyrri kærur frá keilunni og hafa þær allar verið felldar niður vegna þessara tímamarka.

ÞMP leggur fram blað frá WTBA þar sem fram kemur að reglur WBTA gilda hjá svæðasamböndum og því spurði ÞMP afhverju þessar reglur giltu ekki hjá okkur þar sem við leikum eftir reglum WBTA.

Þí mun boða til formannafundar.

Fundi slitið 19:30 – næsti fundur 14. september kl. 17:30